

7. Þær frekari skýrslur, er hin nýju próf kunna að gjöra æskilegar.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur svo fljótt sem verða má.

Nr. 44/1893: kaupmaður V. Claessen  
 gegn  
 hreppsnefndinni í Skefilsstaðahreppi.

Dómur:

Haustið 1892 lagði hreppsnefndin í Skefilsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu 15 kr. aukaútsvar til tjeðs hrepps á kaupmann Valgarð Claessen á Sauðárkróki í Sauðárhreppi fyrir það að hann hafði salthús og fisktöku á Selnesi og Sævarlandi í fyrnefndum hreppi, eða, eins og komið er að orði, hreppsnefndin lagði aukaútsvarið á »salthús og fisktöku« Claessens á Selnesi og Sævarlandi. Með því að hann eigi þóttist skyldur að greiða þetta útsvar til Skefilsstaðahrepps, neitaði hann að gjöra það, og var þá eptir kröfu hreppsnefndarinnar hinn 19. ágústmán. f. á. af sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu sem hlutaðeigandi fógeta gjört lögtak hjá kaupmanni V. Claessen fyrir útsvarinu ásamt kostnaði, og voru hinir lögteknunir, sem voru ýmsar búðarvörur, virtar á kr. 34,50. Kaupmaður V. Claessen mætti við lögtaksgjörðina, mótmælti því, að hún væri látin fram fara, en mótmælunum var hrundið með úrskurði fógétans, og hefur hann síðan áfrýjað

tjæðum úrskurði og gjörðinni til yfirdómsins með stefnu, útgefni 29. september f. á., og hjer fyrir rjettinum gjört þær rjettarkröfur, að fógetaúrskurðurinn og lög-  
taksgjörðin verði úr gildi felld, að honum verði til-  
dæmdur málskostnaður að skaðlausu, og að honum verði  
dæmdar bætur fyrir gjaldtraustsspilling. Á hinn bóg-  
inn hefur hreppsnefndin, sem hefur fengið gjafvörn fyr-  
ir yfirdómi og skipaðan málflutningsmann, látið gjöra  
þær rjettarkröfur, að fógetaúrskurðurinn og lög-  
taksgjörðin verði staðfest, að áfrýjandinn verði dæmdur til  
að greiða allan málskostnað, eins og málið væri eigi  
gjafvarnarmál, og að málsfærslumanni nefndarinnar fyr-  
ir yfirdómi verði tildæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Áfrýjandinn, sem rekur verzlun á Saudárkrók,  
byggði sumarið 1890 hús á Selnesi og á Sævarlandi  
(Sævarlandsvík), sitt á hvorum staðnum. Hefur hann  
haft salt í húsunum, er hann sumpart hefur haft til  
þess að salta með þann fisk, sem hann þar hefur veitt  
móttöku, og sumpart til að afhenda þar verzlunar-  
mönnum sínum. Á Selnesi ljet hann verka fisk þann,  
er hann þar fjekk, og síðan flytja hann til Saudárkróks,  
en frá Sævarlandi var fiskurinn fluttur óverkaður til  
Saudárkróks. Hin stefnda hefur að vísu viljað halda  
því fram, að frá Selnesi hafi fiskurinn verið fluttur  
beina leið til útlanda, en hefur þó eigi sannað  
þetta gegn eindreginni neitun áfrýjanda. Þó að þessi  
fyrirtæki áfrýjanda ef til vill eigi verði talin verzlun í eig-  
inlegum skilningi, þá verður þó að telja þau með arð-  
sömum fyrirtækjum, því að það liggur í augum uppi,  
að áfrýjandi hefði eigi byrjað á þeim og haldið þeim  
áfram, ef hann hefði engan hag sjeð sjer við þau. En  
á slík fyrirtæki má eptir lögum nr. 12, 9. ágúst 1889,

leggja útsvar til þess sveitarfélags, þar er þau eru rekin, ef þau eru rekin þar að minnsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, en í málinu er enginn árgeiningur um það, að þau hafi verið rekin nægilega langan tíma í Skefilsstaðahreppi hið umrædda ár. Samkvæmt þessu hafði hreppsnefndin í Skefilsstaðahreppi rjett til að leggja sveitarútsvar á greindan atvinnurekstur áfrýjanda, og með því að hinum áfrýjaða úrskurði og lögtaksgjörð eigi verður hrundið af öðrum ástæðum, ber að staðfesta úrskurðinn og gjörðina. Áfrýjandinn greiði hinni stefndu hreppsnefnd 15 kr. sem málsfærslulaun hins skipaða talsmanns hennar fyrir yfirdómi. Það vottast, að málsvörnin við yfirdóminn hefur verið vítalau.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og lögtaksgjörð á að vera óraskað. Áfrýjandinn, kaupmaður V. Claessen, greiði hinni stefndu, hreppsnefndinni í Skefilsstaðahreppi, 15 kr. sem málflytningulaun til hins skipaða málsfærslumanns hreppsnefndarinnar, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, og greiðist málflytningulaunin innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 43/1893:

Sigríður Eggerz

gegn

skiptaráðandanum í dánarbúi manns hennar heitins P. F. Eggerz, bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni.

D ó m u r:

Á skiptafundi í dánarbúi fyrrum kaupmanns P. F.